



Þinggerð 52. Ársþing BLÍ
13.4.2024

Þingritari: Jónas Halldór Friðriksson
Þingforseti: Sigurbjörn Árnir Arngrímsson

52. ársþing BLÍ, haldið í sal Stéttarfélags Framsýnar á Húsavík, laugardaginn 13. apríl 2024, kl 17:00.

1. Þingsetning og kosning þingforseta og ritara

Grétar Eggertsson formaður blaksambandsins kemur upp, setur þingið og býður alla velkomna. Hann tilnefnir Sigurbjörn Árna Arngrímsson sem þingforseta og Jónas Halldór Friðriksson sem fundarritara.

Samþykkt.

Að því loknu tókur báðir til starfa.

2. Kosning í starfsnefndir þingsins

a) Kjörbréfanefnd:

Lagt til að Valgeir Bergmann sé formaður kjörbréfanefndar og með honum Sigga Þrúða og Egill Þorri Arnarsson.

Samþykkt samhljóða.

Nefndin tekur strax til starfa.

b) Fjárhagsnefnd:

Lagt til að Auður sé formaður fjárhagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

c) Laganefnd:

Það liggja engar tillögur fyrir þinginu.

d) Allsherjarnefnd:

Lagt til að Valgeir verði formaður allsherjarnefndar.

Samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla stjórnar

Grétar Eggertsson formaður blaksambandsins fer með skýrslu stjórnar.

Hann nefnir að skýrsla stjórnar sé kominn inná netið og hvetur alla til að kynna sér skýrsluna hafi fólk ekki kynnt sér skýrsluna nú þegar.

Í máli hans kom annars fram:

- Krefjandi þættir rekstrarlega. EM skilaði sambandinu á erfiðan stað fjárhagslega. Þær skuldir sem sátu eftir árið 2022 eru komnar á réttan stað og þakkar hann skrifstofu og framkvæmdastjóra fyrir góð störf.
- Landsliðin eru skráð í Silver League. Stjórnin hefur ákveðið að það sé verkefni sem henti vel þar sem mótið er í beinu framhaldi af deildarkeppninni. Ákvörðun um að taka þátt í Silver League er áskorun og er tekin til að horfa fram á veginn.
- Á skrifstofu félagsins eru 1, 5 stöðugildi og það sé hvergi nærri nóg. Afreksstjóri hefur verið ráðinn til starfa og mun hefja störf 1. maí. Með fullu starfi afreksstjóra mun verða miklu meiri fókus á afreksstarf. Það er mikilvægt að fá auka hendur á skrifstofunni, til samanburðar að þá eru 6 stöðugildi á skrifstofum þeirra boltagreina sem blakið ber sig saman við, handbolta og karfa.
- Kostnaðarhlutfall afreksfólks í afreki er alltof hátt og það þarf að breytast og það þarf að breytast hratt.
- Skólaverkefnið og Erasmus verkefnið eru tækifæri til að blakíþróttin geti vaxið. Afreksstjórinn mun sinna þessum verkefnum.
- Mikil sóknartækifæri í strandblakinu. Góð inniaðstaða fyrir strandblak á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf frekari uppbygginu á fleiri stöðum í strandblaki.
- Það þarf að byggja betur upp þjálfaramenntunina. Það sé mikilvægur þáttur í starfinu.
- Það þarf að auka sýnileika blaks á Íslandi.
- Blakið er með gríðarlega breytt aldursbil. Allt frá yngri flokkum, meistaraflokkum og svö almennings/öldungablak. Það þarf að virkja allan þennan fjölda betur þannig að þetta virki sem ein eining.
- Það þarf að fara í markvissar aðgerðir um að efla og fjölða dómurum.
- Að lokum þakkar hann stjórninni og sérstaklega þeim sem munu ekki gefa kost á sér áfram.

Fundarstjóri kemur upp og gerir grein fyrir niðurstöðu kjörbréfanefndar, alls voru 32 atkvæði á kjörbréfum frá 13 félögum.

17 atkvæði eru möguleg sem gerir um 59,4% þáttöku frá félögum.

Kjörbréf samþykkt.

4. Reikningar síðasta starfsárs

Reikningar sambandsins kynntir af Auði Ösp Jónsdóttur gjaldkera stjórnar sambandsins.

Engar spurningar um reikninga síðasta árs.

Reikningarnir samþykktir samhljóða

5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ

Hafsteinn Pálsson flutti ávarp frá ÍSÍ og skilar kveðju frá stjórn.

Í máli hans kom fram:

- Mikilvægi Getrauna í rekstri í íþróttahreyfingunni.
- Beðið er með eftirvæntingu eftir fjármálaáætlun um meiri stuðning í íþróttastarf. Hann sé hinsvegar ekki eins bjartsýnn og áður sökum alls þess sem er að gerast í kringum Grindavík.
- Vésteinn mun á næstunni kynna sínar niðurstöður og það verði spennadni að sjá hvað komi út úr því. Þar verði vonandi mörkuð braut og framtíðarsýn.
- Afrekssjóður og ferðasjóður hafa staðið í stað í nokkur ár. Það var þrautaganga að koma þessum sjóðum á á sínum tíma. Hann hefur væntingar til að eitthvað gerist í þessum sjóðum miðað við nefndarstarf sem hefur verið í gangi.
- Hann óskar þess að þingið verði árangursríkt og óskar þess að blakið nái að efla starfið enn frekar og að öll hreyfingin virki sem ein hreyfing, upplifunin hefur verið sú að þetta sé svolítið slitið í sundur.

6. Ávarp annarra boðsgesta

Engin önnur ávörp.

7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Gjaldkeri stjórnar, Auður Ösp Jónsdóttir, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Töluverðar breytingar frá fyrri árum og gert er ráð fyrir 19 milljón króna tapi á árinu.

Grétar nefnir að það sé stutt á milli í þessu, að taka þátt eða ekki taka þátt. Afreksstyrkurinn hefur lækkað mikið og sambandið hefur kannski ekki verið að taka þátt í mótum sem afrekssjóðurinn telur sem styrkhæf mót. Það sé til skammar stuðningur stjórnvalda við afreksstarf á Íslandi. Þetta á ekki bara við blaksambandið, tónninn sé sá sami í öllum samböndum. Tæplega 7 milljónir til að halda úti afreksstarfi dugir engan veginn fyrir að reka landsliðin þó svo að afrekssjóðurinn eigi ekki að standa undir öllum kostnaði að þá er það ekki nóg.

Fyrirspurnir:

- Sigga Þrúða spyr út í kostnaðinn við landsliðin og hvort inn í því sé kostnaður sem landsliðsfólk þarf að leggja til.
- Grétar svarar því að þetta sé heildarkostnaðurinn og inni í tölunni er ekki kostnaðurinn sem afreksfólkið þarf að leggja til.
- Sigga Þrúða spyr út í styrki frá fyrirtækjum
- Grétar nefnir að við eigum mikið inni þar, við þurfum að vera betri að sækja fram. Skrifstofan sé of lítið og í dag er skrifstofan bara þjónustuskrifstofa. Það er mikilvægt að stjórnvöld komi með mun meira fjármagn.
- Gunna Stína biður Hafstein að fara með kveðju til stjórnar ÍSÍ. Fólk sé í sjokki yfir stuðningi afrekssjóðsins. Það sé mikilvægt að hækka þessa upphæð.
- Siggí spyr út í tapið í áætlun. Fyrir vaxtagjöld er tapið 18 milljónir og svo eru vaxtagjöld 1 milljón. Niðurstaðan er svo 19 milljónir

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 vísað til fjárhagsnefndar.

8. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið

Tillögur um meiriháttar reglugerðarbreytingar – frá reglugerðarfundi 12. mars 2024

- Tillaga að viðbót 1.8.1 MEIRHÁTTAR
- Reglugerð um bikarkeppni BLÍ
- Reglugerð um félagaskipt

Vísað í allsherjarnefnd.

Tillögur að reglugerðarbreytingum frá Dómaranefnd fyrir ársþing BLÍ 2024.

Vísað í alsherjarnefnd.

Fjárhagsáætlun 2024

Vísað í fjárhagsnefnd.

9. Nefndarstörf

Nefndarstörf hófust klukkan 18: 10

Nefndarstörfum líkur 19:30

10. Ákveðið gjald ævifélaga

Samþykkt samhljóða að hafa gjaldið óbreytt.

11. Tillögur lagðar fyrir þingið

Fjárhagsnefnd leggur til að leggja fjárhagsáætlun fram óbreytta.

Samþykkt samhljóða.

Alsherjarnefnd

- Tillaga að viðbót 1.8.1 MEIRHÁTTAR
Alsherjarnefnd leggur til að setja þetta í nefnd.

Samþykkt með þorra atkvæða. Tveir greiða atkvæði á móti

- Tillaga að breytingum á 2. grein reglugerðar bikarkeppni BLÍ.

Alsherjarnefnd leggur til að vísa töllugönnu frá.

Samþykkt samhljóða

- *Tillaga að breytingum á 3. og 4. grein reglugerðar bikarkeppni BLÍ.*

Alsherjarnefnd leggur til að samþykkja tillöguna.

Samþykkt samhljóða.

- *Reglugerð um félagaskipti*
Alsherjarnefnd leggur til að vísa tillögunni frá.

Samþykkt samhljóða.

- Tillögur að reglugerðarbreytingum frá Dómaranefnd fyrir ársþing BLÍ 2024.
Alsherjarnefnd leggur til að vísa tillögunum til stjórnar og meta hvað er minniháttar og hvað er minniháttar breytingar.

Samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál

Gunna Stína kemur upp og tekur til máls. Í hennar máli kom fram.

- Hún leggur til Öldungarreglugerð verði endurskoðuð.
- Hún nefnir dómaramál og þá helst dómaramál yngri flokka. Dómaramálin eru erfið. Það er mikilvægt að það sé komið vel fram við unga dómara þegar þeir eru að stíga sín fyrstu skref í dómgæslu. Ekki boðlegt að fullorðin fólk sé að skammast í dómurum. Félögin verða að breyta þessari menningu og það þarf að skila sér til þjálfara og leikmanna.

- Að lokum nefnir hún Mosöld24. Tekið verður upp nýtt mótakerfi þar sem hægt verði að skrá úrslitin í gegnum síma. Mótakerfið veldur aðeins vandræðum því það er ekki hannað sérstaklega fyrir blak. Hún býður fólk að sína aðeins þolinmæði gagnvart þessum breytingum. Mótið verður stórt og það verður spilað á 15 völlum og verður mótið allt spilað á Varmá.
- Fyrir hönd Aftureldingar býður hún alla velkomna á Mosöld 9. maí næstkomandi.

13. Kosningar

- a) Þriggja meðstjórnanda til tveggja ára
Tillaga um eftirtalda aðila sem meðstjórnendur.
- Valgeir Bergmann
 - Unnur Ása Atladóttir
 - Gunnar Gunnarsson

Ekki komu fram fleiri framboð á þinginu.

Þau eru því réttkjörin í stjórn BLÍ.

- b) Þriggja í varastjórn til eins árs
- Eldey Hrafnadóttir
 - Emelía Eiríksdóttir
 - Lúðvík Már Matthíásson

Ekki komu fram fleiri framboð.

Þau eru því réttkjörin í varastjórn BLÍ.

- c) Tveggja skoðunarmanna reikninga
Tillaga um Davíð Búi Halldórsson og Hjörtur Bjarki Halldórsson sem skoðunarmenn reikninga.

Samþykkt samhljóða.

- d) Þriggja dómara í áfrýjunardómstól BLÍ
- Ásgerður Þórunn Hannesdóttir
 - Heiðar Örn Stefánsson
 - Matthildur Sveinsdóttir

Ekki koma önnur framboð á þinginu.

Þau eru því réttkjörin í áfrýjunardómstól BLÍ.

Þingslit og kvöldmatur

Grétar Eggertsson formaður BLÍ kemur upp og slítur þingingu klukkan 20:00. Hann talar um eftirfarandi atriði.

- Þakkar fráfarandi stjórnarfólki fyrir samstarfið.
- Hvort það eigi að hafa þingin á tveggja ára fresti. Þá þurfi breytingar að eiga sér stað á kjörtímabili stjórnarmanna.
- Framundan eru áskoranir í rekstri sambandsins.
- Landsliðsfólkið er magnaðir einstaklingar og það er farið að horfa til þess hvernig hægt sé að fjármagna landsliðsferðir.
- Eitt verkefni sem verður sett á lagginar á Öldung. Þar verður kynnt verkefni sem er nefnt frelsingi sambandsins og þar geta einstaklinga styrkt um ákveðna upphæð. Þetta fjármagn fer ekki í beinan rekstur sambandsins heldur beint í afreksstarf. Hver króna sem fer í þennan sjóð skiptir verulegu máli.
- Ef það eru tækifæri sem Blaksambandið er ekki að sjá má endilega koma því til stjórnar.
- Sambandið er lítið í starfsmannafjölda en stórt í huga.
- Formaður þakkar fyrir móttökurnar á Húsavík og það er ekki minni þátttaka á þinginu þrátt fyrir að það sé haldið út á landi.
- Hann býður alla nýja stjórnarmeðlimi velkomna og hlakkar til að vinna með nýrri stjórn.